Meðfædd viðbrögð

Viðbrögð	Framkvæmd	Svörun	Tímabil
Leitarviðbragð	Vangi barns snertur	Barnið snýr höfði að snertingunni og opnar munninn	Frá fæðingu til 4-6 mánaða Getur varað til 12 mánaða, sérstaklega í svefni
Gripviðbragð	Fingur lagður í lófa barns	Barnið grípur fast um fingurinn	Frá fæðingu til 4-6 mánaða
Gangviðbragð	Tekið undir armkrika barns og fætur látnir snerta sléttan flöt	Barnið hreyfir fæturnar líkt og það gangi	Frá fæðingu til 2-3 mánaða
Skriðviðbragð	Barnið lagt á magann og veittur stuðningur við iljar	Barnið dregur fótleggi að sér eins og það sé að reyna að skríða. Ósamræmi í hreyfingum getur bent til frávika í taugaþroska	Frá fæðingu
Moroviðbragð **(Hræðslu-viðbragð)**	Ath. með hávaða eða snöggum hreyfingum Barnið er hálfsitjandi með stuðning um höfuð og hrygg. Látið falla snöggt aftur í hendi um 3 sm	Barnið sveiflar handleggjum út, teygir úr sér og spennir líkamann aftur. Strax á eftir kemur umfaðmandi hreyfing og skelfingarsvipur kemur á barnið	Frá fæðingu til 4-6 mánaða
Babinski	Strjúkið il barns utanvert frá hæl og yfir táberg	Barnið sperrir út tær og kreppir þær síðan nema stóru tánna sem helst útsperrt	Frá fæðingu til 2 ára
Tonískt hnakkaviðbragð **(Skylmingar-viðbragð, ATNR)**	Barn liggur á baki. Snúið höfði þess til hliðar	Þegar barnið liggur á baki leitar höfuðið til hliðar, t.d. vinstri. Er þá vinstri handleggur og fótleggur beinn en sá hægri boginn. Snúi barnið höfðinu í gagnstæða átt fylgja útlimir með, þ.e. hægri handleggur og fótleggur beinn en vinstri boginn	Frá fæðingu til 4-6 mánaða